



Úthlutun Uppbyggingar- sjóðs Austurlands 2025

12. desember 2024
Vök, Egilsstöðum



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS

Dagskrá

Fundarstjóri:	Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlapings
Tónlistarflutningur:	Austurhljóð. Úlfar Trausti tenór, Sándor Kerekes píanó og Mairi McCabe víóla
Ávarp:	Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar
Ávarp:	Unnar Örn J. Auðarson, formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands
Afhending styrkja:	Dagmar Ýr Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar og Gabríel Arnarsson, verkefnastjóri Uppbyggingarsjóðs Austurlands
Tónlistarflutningur:	Austurhljóð. Úlfar Trausti tenór, Sándor Kerekes píanó og Mairi McCabe víóla
Ávarp:	Berglind Harpa Svavarsdóttir, stjórnarformaður Austurbrúar og formaður SSA Kaffiveitingar í boði Múlapings

Framkvæmdastjóri Austurbrúar



Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með þeim verkefnum vaxa og dafna sem orðið hafa til fyrir tilvist Uppbyggingarsjóðs Austurlands sem við úthlutum nú úr í ellefta sinn. Ég hafði um árabíl aðkomu að sjóðnum í gegnum annað fagrada hans og það var góð reynsla að taka þátt í því að meta umsóknir í sjóðinn en sú vinna er umfangsmikil og ekki létt að gera upp á milli margra hæfra umsækjenda. Mig langar því að nýta tækifærið og þakka kærlega því fólki sem tekur að sér það óeigingjarna starf að sitja í fagradaunum okkar og úthlutunarnefndinni. Þetta eru aðilar sem búa yfir mikilli og ólíkri reynslu og eru mikilvægur hlekkur í því að tryggja fagmennskuna sem þarf að liggja til grundvallar þegar fjármunum er úthlutað úr okkar sameignlegu sjóðum.

Við höfum á síðustu árum fylgst með ótrúlega flottum verkefnum fæðast fyrir tilstilli sjóðsins, t.d. er komin á fót Sinfóníuhljómsveit á Austurlandi, ferðapjónusta blómstar á Borgarfirði eystri, við sjáum fyrirtæki framleiða gosdrykki í Fljótssdal og annað framleiða vörur úr sauðamjólk, kaffibrennslu á Stöðvarfirði og heitsósu á Djúpvavgi. Það er raunar eftirtektarvert hve mörg matartengd verkefni hafa fengið styrki úr sjóðnum en það helst í hendur við þær öflugum matarhefðir sem við höfum hér á Austurlandi.

Þetta eru góð dæmi um það hvernig Uppbyggingarsjóðurinn ýtir undir þá grósku sem er svo víða til staðar á svæðinu. Þessi gróska nær samt sjaldnast að dafna til lengdar nema til komi fjárstyrkur og sú viðurkenning sem yfirlega fagradaanna er. Það er mikils virði fyrir frumkvöðla, einyrkja og lítil fyrirtæki að hópur virts fagfólks telji hugmyndir þeirra þess virði að setja í þær fjármuni. Raunar er mér til efs að hægt sé að finna betri nýtingu á fé en í Uppbyggingarsjóðnum. Hvar annars staðar myndum við sjá tugi spennandi verkefna í atvinnu og menningu spretta af ekki hærri fjárhæð? En við erum komin að þolmörkum; það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að gera fyrir hverja krónu og því eru því okkar skilaboð til stjórnvalda: Ef við viljum að sjóðurinn standi undir nafni, verður að byggja hann upp líka!

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri Austurbrúar

Formaður úthlutunar- nefndar



Í dag gleðjumst við. Við samgleðjumst ekki bara með þeim einstaklingum og stofnunum sem hér uppskera árangur erfiðis síns, heldur einnig yfir því að við búum í samfélagi sem styður við skapandi starf innan menningar, nýsköpunar og atvinnulífs.

Í dag fögnum við menningu og nýsköpun í atvinnustarfsemi með því að útdeila fjármagni úr Uppbyggingarsjóði Austurlands samkvæmt núgildandi Sóknaráætlun sem er að renna sitt skeið á enda. Sóknaráætlunin er nú í endurskoðun og vonandi munu þeir aðilar sem koma að endurskoðunninni hafa þá framsýn að auka fjármagn til uppbyggingar í fjórðungnum, því þörfin hefur aldrei verið meiri.

Í nýrri skýrslu menningar- og viðskiptaráðuneytisins kemur fram að beint framlag menningar og skapandi greina til verðmætasköpunar á Íslandi árið 2022 nam um 3,5% af landsframleiðslu, eða um 150 milljörðum. Í skýrslunni kemur einnig fram að opinber framlög, eða réttara sagt fjárfesting hins opinbera í menningu og skapandi greinum, skilar sér þrefalt aftur inn í hagkerfið. Mikilvægi þess að styðja við menningu og skapandi greinar á landsvísi er því ekki bara falið í andlegum auðæfum heldur einnig beinhörðum peningum.

Að þessu sinni bástust alls 113 umsóknir í sjóðinn og var sótt um styrki að upphæð alls 813 milljónir króna, en til úthlutunar voru tæplega 57 milljónir króna. Þessar 57 milljónir skiptast á milli 59 ólíkra verkefna af ýmsum stærðum og gerðum – öll tengd menningu og nýsköpun í atvinnulífi.



Kimi Emma Juliette Tayler kynnr Brauðdaga deighús fyrir gestum Matarmóts 2024.

Fagráðin vega og meta verkefni sem nú þegar eru orðin fastur liður í lífi og starfi fólks í á svæðinu, en á sama tíma styðja við umsóknir sem stuðla að nýliðun og grósku. Þá hefur ávallt verið lögð rík áhersla á að verkefni skiptist sem jafnast á milli dreifðra byggða landshlutans. Í ár var einnig lögð sérstök áhersla á stuðning við nýsköpun í atvinnustarfsemi ungs fólks á aldrinum 20-35 ára og skilaði það sér í talsverðri aukningu umsóknar frá þeim aldurshópi.

Ég vil nýta tækifærið og þakka þeim sem setið hafa í fagráðum sjóðsins sérstaklega fyrir þeirra góða og óeigingjarna starf. Vinna nefndanna er oft mikill línudans og krefst fagþekkingar og reynslu, sérstaklega þar sem lítið er í sjóðnum. Einnig þakka ég samstarfsfólki mínu í stjórn úthlutunarnefndar fyrir samstarfið sem og starfsfólki Austurbrúar sem á þakkir skildar fyrir starf sitt í þágu uppbyggingar, menningar og samfélags hér á Austurlandi.

Að endingu óska ég styrkhöfum ársins innilega til hamingju með þau verkefni sem hlotið hafa brautargengi en þau bera öll merki um metnað, hugmyndaauðgi og framsækni. Það verður spennandi að sjá afraksturinn raungerast á næstu árum.

Unnar Örn J. Auðarson
formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands

Formaður SSA



Það er mér mikill heiður að fá að ljúka athöfninni hér í dag með nokkrum orðum. Ég vil að byrja á því að óska styrkhöfum innilega til hamingju með styrk ykkar úr uppbyggingarsjóði Austurlands.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Austurlandi. Þessi kraftur ykkar frumkvöðla og skapandi fólks er Austurlandi afar mikilvægur því hann ýtir undir enn öflugra atvinnu- og menningarlíf um allt Austurland. Í dag eruð þið að uppskera en það er öllum ljóst að ferlið frá hugmynd að framkvæmd

kostar tíma og mikla fyrirhöfn sem er langt í frá að vera einfalt ferli eða auðvelt.

Starfsfólk Austurbrúar hefur árlega lagt mikla áherslu á að fara um allt Austurland til að vera umsóknaraðilum innan handar með stuðningi við þá vinnu sem byggir samhliða upp hæfni og reynslu við komandi umsóknir í aðra styrktarsjóði.

Ég get fullyrt að það fjármagn sem veitt er úr sjóðnum hér í dag mun nýtast vel og verkefni munu án efa margfalda gildi sitt sem mun endurspeglast í auknu vöruúrvali, lífsgæðum og sýnileika fjórðungsins út á við. Verkefni ykkar sem fara nú af stað eru okkur því mjög mikilvæg og þakka ég ykkur innilega fyrir kraft ykkar og þá ákvörðun að stíga skrefið með ykkar hugsjón í forgrunni.

Ég hlakka til að fylgjast með verkefnum ykkar á komandi ári og fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi vil ég þakka öllum fyrir komuna í dag og óska styrkhöfum enn og aftur innilega til hamingju.


Berglind Harpa Svavarsdóttir
stjórnarformaður Austurbrúar og formaður SSA

Tölfræði

Samtals var úthlutað **56.500.000 kr.**

Menning
28 verkefni
26.675.000 kr.

Stofn- og rekstrarstyrkir
4 verkefni
5.000.000 kr.



Atvinnuþróun og nýsköpun
27 verkefni
25.275.000 kr.

Alls bárust 113 umsóknir upp á tæpar 234 milljónir; 47 umsóknir á sviði atvinnu og nýsköpunar, 61 á sviði menningar og 5 um stofn- og rekstrarstyrki. Úthlutunarnefnd samþykkti styrkveitingar til 59 verkefna af þeim 113 sem sóttu um, eða 52%.

Heildarkostnaður verkefnanna sem sótt var um taldi 812,90 milljónir en til úthlutunar voru 56,50 milljónir. Tuttugu og sjö atvinnu- og nýsköpunarverkefni fengu samtals 25,28 milljónir, tuttugu og átta menningarverkefni fengu alls 26,68 milljónir og fjórir stofn- og rekstrarstyrkir voru veittir að upphæð 5 milljónir samtals. Fjöldi umsókna var á pari við síðustu ár, en verkefni umfangsmeiri og styrkbeiðnirnar hærri sem endurspeglar grósku og í atvinnu- og nýsköpun, sem og frjótt menningarstarf á Austurlandi.

Í ár lagði úthlutunarnefnd sérstaka áherslu á að styrkja atvinnu- og nýsköpun ungs fólks (undir 35 ára) en það er hópur sem ekki hefur sótt í atvinnuhluta sjóðsins af miklu mæli. Talsvert fleiri umsóknir bárust frá þessum aldurshópi en áður og um 37% verkefna sem fengu samþykktu styrkveitingu falla undir þessa áherslu.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Vortónleikar, frumflutningur	3.200.000 kr.

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika vorið 2025 þar sem hún frumflytur nýtt verk eftir Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur. Hljómsveitin pantaði tónverk frá Ingibjörgu á árinu 2024 og á þessum tónleikum má heyra afraksturinn af því samstarfi. Einnig flytur hljómsveitin hina stórfenglegu fjórðu sinfóníu Johannes Brahms á tónleikunum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Torfkofinn ehf.	Upphitun gróðurhúss á köldu svæði	2.600.000 kr.

Verkefnið snýst um að setja upp nýjan innlandan og umhverfsvænan orkukost fyrir rekstur á heilsárs gróðrarstöð á köldu svæði og framleiðslu á sumarblómum og fersku grænmeti. Með nýrri kyndistöð verður llmbjörkin garðyrkjustöð fær um að halda hita í gróðurhúsunum allt árið, auka framleiðslu sína og tekjur með heilsársopnun og framleiðslu á sumarblómum og sérvöldu grænmeti, m.a. fyrir veitingastaði og verlsanir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir	Sjálfbær býrækt með tækniþróun drottninga	2.500.000 kr.

Verkefnið leggur upp með að gera Ísland sjálfbært í býflugnarækt með því að rækta Buckfast drottningar með tækniþróun eins og tíðkast erlendis. Með því erum við að styrkja gen býflugna á Íslandi, verðum óháð veðurskilyrðum og getum byrjað fyrr á ræktun til íslenskra býbænda. Þannig getum við dregið úr innflutningi býflugna frá sjúkdómalausum svæðum, sem fer fækkandi sökum býsjúkdóma og eftt býrækt á Íslandi sem er í stöðugum vexti.



Efri mynd: Sinfóníuhljómsveit Austurlands á tónleikum í Tónlistarmiðstöð Austurlands. Neðri mynd: Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir kynnir býflugnarækt og hunang á Matarmóti 2024.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
List í ljósi	Listahátíðin List í ljósi	2.400.000 kr.

List í ljósi er listahátíð sem mun fagna sínu tíunda ári 14.-15. febrúar 2025. Tilgangur hátíðarinnar er að lýsa upp fjörðinn með fjölbreyttum listaverkum eftir fjölbreytt listafólk. Ár hvert kemur hópur listafólks með eða býr til listaverk á staðnum sem dreifist utandyra um allan bæ. Hámark hátíðarinnar er þegar við slökkvum á öllum götu- og húsaljósum og mínútu seinna kveikjum við á listaverkunum sem lýsa upp fjörðinn með stórkostlegum hætti.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Uppbygging Hreindýragarðsins í Vínlandi	Hreindýragarðurinn ehf.	2.000.000 kr.

Hreindýragarðurinn er sá eini sinnar tegundar á Íslandi. Mikilvægt er að hafa hreindýragarðinn staðsettan á Austurlandi því það er einmitt þar sem hreindýr finnast á Íslandi. Með því að koma upp þessum einstaka ferðamannastað eflum við ferðabjónustu Múlaþings og Austurlandi heilt yfir. Óhætt er segja að nú þegar höfum við stóraukið áhuga á Austurlandi með þessu verkefni. Unnið er að því að bæta umhverfið í kringum garðinn, aðgengi gesta og auka sýnileika okkar bjónustu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell sjálfseignarstofnun	Skaftfell listamiðstöð Austurlands: Exhibition program 2025	1.550.000 kr.

Skaftfell is the center for the presentation and creation of visual arts in East Iceland and is dedicated to contemporary visual art on an international scale. The planned exhibitions for 2025 are dynamic and varied with an emphasis on a mix of progressive contemporary art and more traditional art exhibitions to ensure a lively program that makes visual art accessible for everyone.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kornþurrkun Austurlands ehf.	Kornþurrkun Austurlands	1.500.000 kr.

Kornþurrkun Austurlands vinnur að því að koma á fót kornþurrkstöð á Fljótsdals-heraði sem mun geta þjónað öllu Austurlandi. Þurrkstöðin verður reist við Egilsstaði árið 2025 og gangsett um haustið. Gert er ráð fyrir að aðalorkugjafinn verði heitt vatn. Kornþurrkun Austurlands mun starfrækja móttöku á blautu korni til þurrkunar ásamt geymslu fyrir þurrt korn. Þurrkstöðinni er ætlað að þjónusta alla þá kornframleiðendur á Austurlandi sem vilja þurrka sitt korn, sem síðan er mögulegt að fullvinna.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ströndin Atelier ehf.	Ljósmyndadagar á Seyðisfirði 2025: „Hreyfð mynd“	1.500.000 kr.

Ljósmyndadagar á Seyðisfirði 2025 celebrates the art of moving images. „Hreyfð mynd“ will be the theme of this edition as Ströndin studio programs a series of workshops taught by highly qualified international teachers in the field of experimental photography and cinema. The pedagogical program will be complimented by free public events including a community dinner, film screenings, performances and artist presentations.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ars Longa - samtímalistasafn ses.	Ars Longa samtímalistasafn	1.500.000 kr.

Ars longa samtímalistasafn er sjálfeignarstofnun sem heldur um starfsemi og rekstur sjálfstæðs listasafns á Djúpvaggi. Stofnendur eru myndlistarmennirnir Sigurður Guðmundsson og Þór Vigfússon sem stýra faglegu starfi í samvinnu við sitjandi stjórn. Markmið Ars longa samtímalistasafns er að safna og varðveita listaverkæign eftir íslenska og alþjóðlega listamenn, vera leiðandi vettvangur alþjóðlegrar samtímalistar og efla samvinnu listamanna og fagaðila með metnaðarfullu sýningarhaldi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði	Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði	1.500.000 kr.

Sköpunarmiðstöðin er byggðaþróunarverkefni á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Starfsemin leggur áherslu á samlegðaráhrif þessara sviða með það að markmiði að tryggja sjálfbærni samfélagsins og sporna þannig við fólksfækkun og skorti á atvinnutækifærum. Sköpunarmiðstöðin hyggst ná markmiðum sínum með því að byggja upp fjölbreytta og faglega aðstöðu til grundvallar starfseminni og skapa þannig hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun, menningar- og fræðslustarf.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ásta Kristín Guðmunds-dóttir Michelsen	Dúnhreinsunarstöð	1.450.000 kr.

Verkefnið okkar fellur vel að markmiðum Sóknaráætlunar Austurlands með áherslu á nýsköpun, atvinnusköpun og umhverfisvæna framtíðarsýn. Með uppbyggingu dúnhreinsistöðvar á Vattarnesi, Fáskrúðsfirði, munum við styrkja atvinnulíf og sjálfbæra þróun á svæðinu, minnka kolefnisspor og skapa tækifæri fyrir nærsamfélagið.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ásrún Magnúsdóttir	Dúettar - Austurland	1.430.000 kr.

Fimm ólík pör stíga á svið. Þörin geta verið mæðgur, vinir, hjón, samstarfsfélagar eða hvernig pör sem er. Annar aðilinn er fatlaður, hinn ófatlaður. Þörin deila með áhorfendum sínum dansi eða minningu af dansi og sögunni sem dansinum fylgir. Þau dansa brúðkaupsdansinn sinn, eða dansinn sem þau kunna utan að úr Grease eða dansinn sem þau dansa í eldhúsinu á föstudögum þegar þau baka pizzuna. Fólki sem sjaldan sést á sviði er gefið sviðið, rödd þeirra hækkuð í botn og líkama þeirra fagnað.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Soffía Mjöll Sæmundsd. Thamdrup	Aðeins kona	1.400.000 kr.

Verkefnið er 25 mínútna stuttmynd unnin af ungu kvikmyndagerðarfólki. Titill verksins er „Aðeins kona“ og fjallar um unga konu við lok 19. aldar í Fljótsdal sem þráir að sanna gildi sitt í karlægu samfélagi sínu. Stutt lýsing handrits: „Þegar sækja þarf týnt fé af fjöllumunum býðst ung sveitastelpa til þess að fara í ferðina í fylgd nágretta síns en óvæntar tilfinningar breyta stefnu hennar.“ Myndmál, austfirsk náttúra og femínískir undirtónar spila stór hlutverk í verkinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fjarðarhjól ehf.	Frá tindi til sjávar: Fjallahjólreiðaleið	1.000.000 kr.

Verkefnið felst í því að ljúka við framkvæmd á fjallahjólreiðaleið í landi Hafnar á Borgarfirði eystra. Lokaafurð verkefnisins er um fjögurra kílómetra löng sérútbúin fjallahjólreiðaleið niður Hellnakamb frá Brúnavíkurskarði. Með þessari viðbót við leiðakerfi Víknaslóða eykst sérstaða Borgarfjarðar sem útivistarparadísar og með henni er hægt að laða að nýja ferðamannahópa sem eru líklegri til að dvelja lengur á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Eastfjords Adventures ehf.	Seyðisfjörður Winterland	1.000.000 kr.

The Winterland is a 5-7 day long program for adventurous people that want to take time away from the crowds, enjoying various winter activities, fine dining and relaxation on their time off from everyday life focusing on being in the moment surrounded by nature, enjoying local cuisine, having a soak at nature baths, doing mindfulness exercises or just hanging around at the hotel lounge or the bar.



Úr Sköpunarmiðstöðunni á Stöðvarfirði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Refsstaður ehf.	Vopnfirskt gæðakjöt	1.000.000 kr.
<p>Sláturhúsið á Refsstað byrjaði slátrun á sauðfé 30. september 2024. Við lok október, var búið að slátra um 600 sauðfjár og byrjaði þá folaldslátrun. Refsstaður ehf selur lambakjöt, folaldakjöt, innmat og ærkjöt. Áframvinnsla og markaðsetning á kjöti undir vörumerkinu „Vopnfirskt Gæðakjöt“ er mikilvægt verkefni sem við viljum byggja upp, stig fyrir stig. Næsta skref í því er að fá skilvirka pökkunarvél, klára að innrétta umbúðageymslu og setja upp vefsíðu.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hlín Pétursdóttir Behrens	Bach tónleikar: Fjallkona og fljóð - óperan Couples therapy	1.000.000 kr.
<p>Stefnumót við Bach í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði og í Herðubreið á Seyðisfirði. Kór og einsöngvarar Austuróps, kór Seyðisfjarðarkirkju, barrokk sveitin Musica oriente auk söngvara frá nokkrum stöðum á Austurlandi. Fjallkonur og fljóð, hugmyndin um kvenleika, land og þjóð, sviðsett tónlistardagskrá flutt í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Couples therapy, ný kammerópera eftir Wes Stephens, einnig sýnd í Sláturhúsinu.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell sjálfseignarstofnun	Fræðslustarf Skaftfells 2025	1.000.000 kr.
<p>Eitt af meginmarkmiðum Skaftfells listamiðstöðvar Austurlands er að koma beint að fjölbreyttri listfræðslu í fjórðungnum og stuðla að gróskumikilli tengingu milli listalífs á Austurlandi, í Reykjavík og á alþjóðavísu. Skaftfell sinnir þessum skyldum með þremur mikilvægum verkefnum er koma að fræðslustarfi miðstöðvarinnar: Þróun og framleiðsla á árlegu listfræðsluverkefni Skaftfells sem er í boði fyrir alla skóla á Austurlandi; prentnámskeiði fyrir börn og ungmenni og samstarfi við Listaháskóla Íslands.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
LungA - Listahátíð ungs fólks á Austurlandi	LungA - Arfleifð	1.000.000 kr.
<p>Að skrásetja sögu og áhrif LungA hátíðarinnar í formi viðamiklar yfirlitssýningu. Sýning þar sem mismunandi röddum verður gefið pláss og gestum sýningarinnar boðið að skoða LungA frá mismunandi sjónarhornum. frá sjónarhorni þátttakenda í listasmíðjum, listamanna sem kenndu í listasmíðjum sem og sjónarhorni listamanna sem komu fram á hátíðinni. Frá sjónarhorni þeirra sem elskuðu hátíðina sem og þeirra sem þoldu hana kannski ekki. Arfleifð LungA í allri sinni mynd.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Teresa Maria Rivarola	Sæhjarta: Stories of transformations	1.000.000 kr.
<p>„SÆHJARTA: Stories of Transformation“ is a traveling cultural initiative centered on the stories and mental health of migrant women. The project explores the power of storytelling and creative connection, offering transformative spaces where participants can share experiences and find mutual support. The project will be developed in six communities, three in Austurland and three in Norðurland vestra, dedicated to exploring “migrant women’s journeys” and the remaking of the puppet show SÆHJARTA.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tónlistarmiðstöð Austurlands	Upptakturinn á Austurlandi 2025	1.000.000 kr.
<p>Upptakturinn veitir börnum á Austurlandi tækifæri til að senda inn frumsamið lag og vinna að útsetningu undir leiðsögn tónlistarfólks af svæðinu. Höfundar verka fá aðgang að tónsmíðjum Tónlistarmiðstöðvar og tækifæri til að hljóðrita demo í Studio Silo. Dómnefnd Upptaktsins velur svo einn tónsmíð sem þátttakanda í smíðjum á vegum Upptaktsins í Reykjavík þar sem ungir tónsmíðir fá frekari leiðsögn við útsetningu sem er síðan frumflutt af atvinnuhljóðfæraleikurum á Barnamenningarhátíð í Hörpu.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sláturhúsið menningarmiðstöð	Vor/Wiosna	1.000.000 kr.
<p>Vor/Wiosna er árleg lista og menningarhátíð þar sem áhersla er lögð samspil og aamtal pólskra listamanna við íslenskt samfélag. Hátíðinni er ætlað að vekja upp spurningar um stöðu og sýnileika listafólksins innan samfélagsins og á hvern hátt menningarlegur bakgrunnur okkar speglast í listinni. Þema hátíðarinnar árið 2025 er innflytjendur/mótstaða og er lögð sérstök áhersla á ljósmyndun og aktívisma. Einn þekktasti samtímaljósmyndari Pólands, Rafal Milach, er sérstakur gestur hátíðarinnar.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fjarðabyggð	Þórsmörk: Staðbundnar listrannsóknir og lífleg dagskrá	1.000.000 kr.
<p>Mánaðarleg rannsóknarstaða verður í boði fyrir listamenn sem eru valdir úr opnu kalli til að dvelja í allt að 4 vikur í Þórsmörk á Norðfirði. Áhersla verður lögð á staðbundnar rannsóknir listamanna sem kanna m.a. náttúru, afurðir hennar, umhverfi og sögu svæðisins. Starfsemin verður kynnt undir nafni hússins (Þórsmörk) og þannig tengd við sögu þess og unnið áfram með ímynd þess sem menningarhús. Sóst verður eftir því að virkja samfélagið með áhugaverðum samtölum og þannig styrkja sambönd.</p>		



List í ljósi 2024.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafnið á Bustarfelli	Rekstrarstyrkur	1.000.000 kr.
<p>Minjasafnið á Bustarfelli er eitt best varðveitta safn landsins. Safnið er til húsa í vel varðveittum torfbæ sem er að stofni til frá 1770. Minjasafnið hefur mikið menningarlegt gildi fyrir Austurland og landið í heild. Sérstaða safnsins felst einkum í því hve vel það miðlar breyttum búskapar og lífnaðarháttum hins íslenska sveitasamfélags frá miðri 18 öld og fram á 20 öld. Markmið Minjasafnsins á Bustarfelli er að varðveita og miðla þeirri sögu að til ferðamanna og komandi kynslóða.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Sinfóníuhljómsveit Austurlands	1.000.000 kr.
<p>Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæraleikurum. Henni er ætlað að auðga og efla menningarlíf á Austurlandi og vera vettvangur fyrir austfirsku hljóðfæraleikara, langt komna hljóðfæranemendur, tónskáld, einleikara og kóra að starfa í eða með sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin heldur fjölbreytta og skemmtilega tónleika á Austurlandi og ýtir undir tónsköpun sem tengist landshlutanum auk þess að styðja annað listrænt starf og tónlistartengda fræðslu.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Tungudýrð ehf.	Matarferðir til smáframleiðanda á Austurlandi	880.000 kr.
<p>Matarferð um Austurland eru persónulegar menningaferðir til smáframleiðenda matvæla þar sem gestir fá að smakka afurðir og heyra um framleiðslu þess. Markmiðið er að auka úrval afþreyingar fyrir gesti á svæðinu með von um að þeir staldri lengur við á Austurlandi og kynnist matarmenningu og sögu Austurlands.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bjarki Fannar Helgason	Þurrkun á vannýttum kjötafurðum	855.000 kr.
<p>Verkefnið miðar að nýtingu vannýtttra kjötafurða, s.s. nautalifrar og nautahjarta, til framleiðslu á næringarríku „jerky“. Með nýrri framleiðsluaðferð er unnið að því að draga úr matarsóun og auka virði afurða úr íslensku hráefni. Verkefnið stuðlar að sjálfbærni og mun skapa ný tækifæri fyrir atvinnulíf á Austurlandi, auk þess að auka framboð á staðbundnum matvælum</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Blábjörg ehf.	Skógarböðun í heimabyggð	850.000 kr.

Verkefnið miðar að því að þróa einstaka baðupplifun sem byggir á hugmyndafræði skógarböðunar og nýtir sjálfbærar afurðir úr íslenskri náttúru; hráefni eins og jurtir, barrtré og mosa úr íslenskum skógum. Búnaður verður til sérstakar blöndur sem stuðla að slökun, vellíðan og húðbótum. Að auki er markmiðið að auka meðvitund um sjálfbæra nýtingu náttúrugæða. Skógarafurðirnar, sem eru aðaluppistaðan, eru nýttar með sjálfbærum hætti.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Kimi Emma Juliette Tayer	Brauðdagar deighús	800.000 kr.

Brauðdagar deighús is a micro-producer located in Stöðvarfjörður, dedicated to creating high-quality artisan sourdough bread and pastries. Our main goal is to serve the local community and the broader eastern region by prioritising sustainability and sourcing ingredients locally for our small-scale production. Through our offerings, we aim to provide delicious baked goods that reflect our commitment to both quality and community in East Iceland.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fræ sköpunareldhús sf.	Fræ sköpunareldhús	800.000 kr.

Fræ sköpunareldhús mun nýttast íbúum svæðisins og Austurlandi öllu, sem hafa áhuga á að þróa sína matvöru í vottuðu eldhúsi og koma á markað. Svæðið þarfnast samfélagslegrar uppbyggingar og atvinnuþróunar. Stöðvarfjörður er þátttakandi í verkefninu Brothættar byggðir og er gerð vottaðs samfélagseldhúss eitt af áhersluverkefnum Sterks Stöðvarfjarðar. Aðstaða Fræs mun nýttast öllu Austurlandi, sem og þeim sem lengra eiga að sækja.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Antonía Bergþórsdóttir	Smiðjumúr, Berunes og Höfn 2025	800.000 kr.

Verkefnið er samstarfsverkefni arkitektastofunnar Sei Stúdíó og Antoníu Bergþórsdóttur, leirkerasmiðs. Antonía sérhæfir sig í íslenskum leir og hefur aðsetur í Berunesi í Berufirði. Þar hyggjast þau byggja fyrsta húsið úr íslenskum múrstein með timbri ofan af Héraði og öðrum nærliggjandi eignum. Saunan verður aðgengileg heimamönnum og ferðamönnum í framhaldi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sabina Helvida	Töfralausn	800.000 kr.

Töfralausn er ný lína snyrtivara sem framleidd er af fyrirtækinu Jurtadís á Fáskrúðsfirði. Til að byrja með verða framleiddar sápur og smyrsl. Töfralausn eru lífrænar- og eiturefnalausar snyrtivörur sem eru sérstaklega hugsaðar fyrir fólk sem er með krabbamein, eða hefur nýlokið krabbameinsmeðferð og einnig þau sem eru með veika og/eða viðkvæma húð. Auk þess nýttast vörurnar fyrir þau sem eru að glíma við exem eða psoriasis.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Stofnun Gunnars Gunnars-sonar að Skriðuklaustri	Markaðssetning og þróun ferðaþjónustu á Upphéraði	750.000 kr.

Verkefnið lýtur að þróun og markaðssetningu á ferðaþjónustu á Upphéraði með áherslu á afþreyingu fyrir fjölskyldufólk, útivist og matarmenningu. Sérstök áhersla verður lögð á leikjavædda ferðaþjónustu og vetrartímamann. Verkefnið er unnið af Ferðaklasa Upphéraðs sem í eru 18 aðilar, stórir og smáir.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Orteka ehf.	Málmur	700.000 kr.

Málmur, an innovative developer and fabricator, aims to demonstrate its capabilities in bespoke metalware, and establish itself on the Icelandic market. Within this project, Málmur will design, develop and promote its products to retailers and end-users.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Vopnfirski matargatið ehf.	Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði	700.000 kr.

Vottað vinnslurými fyrir matarfrumkvöðla og smáframleiðendur til þróunar, nýsköpunar og framleiðslu á náttúrulegum mat- og heilsuvörum og nýta til þess glatvarma sem annars hverfur ónýttur til sjávar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Becky Elizabeth Forsythe	Sumarsýning Ars Longa 2025	700.000 kr.

Sumarsýning ARS LONGA 2025 í sýningarstjórn Þórhildar Tinnu Sigurðardóttur og Becky Forsythe. ARS LONGA er sjálfstætt samtímalistasafn á Djúpavogi með það markmið að auka víðum skilningi listarinnar í Múlaþingi og víðar. Stofnendur eru myndlistarmennirnir Sigurður Guðmundsson og Þór Vigfússon sem stýra faglegu starfi í samvinnu við sitjandi stjórn. Árlega er haldin sýning í safninu sem að er viðurkenndur viðburðaliður í myndlistardagatali á fagvettvangi. Á bilinu 15 til 25 listamenn sýna hverju sinni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bókasafn Héraðsbúa og Vegahúsið	Ritlist 16-25 ára	645.000 kr.

Ritlist 16-25 ára á að veita ungu fólki á Austurlandi tækifæri og hvatningu til skapandi skrifa. Boðið verður upp á tvær gjaldfrjálsar ritlistasmiðjur þar sem þekktir höfundar verða leiðbeinendur.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Björg Þorvaldsdóttir	Stafabjörg - smáforrit til að æfa hljóð íslensku bókstafanna	640.000 kr.

Umsækjandi er læsisfræðingur. Lestrarfærni íslenskra nemenda fer aftur og svo virðist sem þær kennsluáferðir sem notaðar eru séu ekki að bera árangur. Samfélagið hefur breyst og mikilvægt er að nýta tæknina á markvissari hátt til að þjálfa grunninn fyrir góða lestrarfærni. Með smáforriti, sem byggir á gagnreyndum áferðum, er hægt að þjálfa bókstafaþekkingu markvissar og nemendur öðlast færni sem leggur grunninn að aukinni getu í umskráningu orða og þar með grunnfærni nemenda í lestri.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Gjallarhorn ehf.	Útvarp Austurland - Svæðisbundin dagskrágerð	600.000 kr.

Markmið verkefnisins er að kanna og meta eftirspurn og rekstrargrundvöll sjálfstæðrar svæðisbundinnar dagskrágerðar fyrir hljóðvarp (útvarp og hlaðvarp). Tilgangurinn er að efla dagskrármíðlun af og innan Austurlands og að fyrir mitt næsta ár muni liggja fyrir raunhæf áætlun um hvernig hægt sé að reka sjálfstætt hljóðvarp í landshlutanum sem fyrst og fremst höfðar til íbúa Austurlands.



Bláa kirkjan á Seyðisfirði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sláturhúsið menningarmiðstöð	Langt út / Far out	600.000 kr.
<p>Jazztónleikaröð í Sláturhúsinu 2025. Edgar Rugajs, gítarleikari og tónlistarkennari, býður til sín innlendum og erlendum gestum í Sláturhúsið einu sinni í mánuði. Undirstaðan er jazztónlist en útsetning og nálgun verður síbreytileg eftir því hver kemur í heimsókn. Kúl jazz, rólegur jazz, frjáls jazz og allt í bland.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sláturhúsið menningarmiðstöð	Linus Lohman	600.000 kr.
<p>Á haustmánuðum 2025 verður opnuð einkasýning listamannsins Linus Lohman í Sláturhúsinu.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bláa kirkjan	Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar	600.000 kr.
<p>Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan var stofnsett árið 1998 og hefur því verið haldið út í 26 ár. Um er að ræða tónleika sem fara fram í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudagskvöldum í júlí og ágúst. Lögð er áhersla á að bjóða upp á fjölbreytta tónleika með klassískri tónlist, djass, blús, þjóðlagatónlist og léttari tónlist. Tónleikaröðin er mikilvægur menningarviðburður fyrir heimafólk og þá fjölmörgu gesti sem sækja Seyðisfjörð heim auk þess að vera eftirsóknarverður vettvangur fyrir tónlistarfólk.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Mjóeyri ehf	Austurland Freeride Festival	500.000 kr.
<p>Austurland Freeride Festival er fjallaskíða/brettahátið sem haldin er í fimmta sinn á Austurlandi 2025. Áhersla er lögð á að njóta og upplifa náttúru í Austfirsku ölpunum undir leiðsögn reyndra staðkunnra fjallamanna. Hátíðin er bæði hugsuð fyrir byrjendur á fjallaskíðum/brettum jafnt sem vana. Stutt námskeið og kynningar verða á hátíðinni og skíða- og brettaferðir fyrir lengra komna. Ýmis konar viðburðir verða í gangi á svæðinu eins og tónlistarviðburðir, kvöldvökur og matarupplifanir.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Karolina Magdalena Szymczyk	Product development in "Góðan deig" micro-bakery	500.000 kr.
<p>Food is a way to know each other! Connected by food is the event that connects people from the East. Delicious food and good music create a relaxing atmosphere for communication, sharing culinary experiences and creating lasting friendships. The event is a journey of exploration of diverse gastronomic cultures from around the world. It is also a major opportunity to facilitate the integration of foreigners into the community and create a strong society based on healthy social relationships.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Le Temple ehf.	Tiny Church Lodging: A Sustainable Stay Solution	500.000 kr.
<p>Introducing an innovative sustainable lodging solution in Stöðvarfjörður, we transform the Tiny Church into flexible accommodations for budget-conscious travelers, like students and hikers. By offering sleeping-bag-style options, we fill a critical gap in affordable stays in southern Fjarðabyggð. This initiative not only enhances access to the region's stunning natural attractions but also supports local community by fostering eco-friendly tourism and enriching the visitor experience.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Daria Andronachi	Connected by food	500.000 kr.
<p>Food is a way to know each other! Connected by food is the event that connects people from the East. Delicious food and good music create a relaxing atmosphere for communication, sharing culinary experiences and creating lasting friendships. The event is a journey of exploration of diverse gastronomic cultures from around the world. It is also a major opportunity to facilitate the integration of foreigners into the community and create a strong society based on healthy social relationships.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	Gömul skjöl og gagnagrunnar: Grúsknám fyrir fróðleikspyrsta	500.000 kr.
<p>Áhugafólk um sögu og ættfræði er víða að finna og bóka- og skjalasöfn geta nýst þessu fólki vel við að leggja stund á sitt áhugamál. Á námskeiðinu verður farið yfir þær heimildir sem hægt er að nálgast á bóka- og skjalasöfnum í heimabyggð, en einnig hvaða heimildir er hægt að nálgast gegnum netið og hvernig best er að gera það.</p>		



Frá Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri	Koðradilla og kaski - bókin um lomber	500.000 kr.
<p>Bókin um lomber dregur saman allt sem ritað hefur verið um þetta gamla sagnaspil á íslensku og skrásetur frásagnir úr fortíð og samtíð um menningarfyribærni sem er að deyja út.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Monika Frycova	POEMS from Seyðisfjörður: The Hidden Words of Sigurbergur	500.000 kr.
<p>POEMS from Seyðisfjörður: The Hidden Words of Sigurbergur. This poetry collection brings to light the quiet yet profound voice of Sigurbergur Sigurðsson, a natural poet who, now at 80 years, reveals a lifetime of manuscripts crafted in solitude. For decades, Sigurbergur has preserved the spirit of Seyðisfjörður; its landscapes, people, and secrets, through his hidden works, bearing witness to the beauty, challenges, and resilience of life in this eastern fjord.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Stofnun Gunnars Gunnarssonar að Skriðuklaustri	Rithöfundalest um Austurland 2025	500.000 kr.
<p>Rithöfundalestin er rötgróðið samstarfsverkefni aðila á Austurlandi sem standa fyrir upplestrum og skólaheimsóknum í þeim tilgangi að auka áhuga á bókmenntum, kynna ný verk og höfunda og stuðla að kynning á austfirskum höfundum og bæta tengslanet þeirra.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Múlaping, Hlín Pétursdóttir Behrens	Tónlistarstundir á Héraði	500.000 kr.
<p>Tónlistarstundir á Héraði er sumartónleikaröð sem fer fram í Vallaneskirkju og Egilsstaðakirkju í júní og júlí. Á fimm tónleikum koma fram bæði heimamenn og gestir. Langt komnir tónlistarnemendur flytja fjölbreytta dagskrá og Sólrún Bragadóttir sópran og Jón Sigurðsson píanóleikari norræn og íslensk sönglög í Egilsstaðakirkju en tríó Sóleyjar Þrastardóttur, barrokktríóið Musica Oriente og Sóley Thoroddsen hörpuleikari og Sergio Coto lútuleikari með meiru verða með tónleika í Vallanesi.</p>		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Félag ljóðaunnenda á Austurlandi	Útgáfa ljóðabóka árið 2025	500.000 kr.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út tvær ljóðabækur árið 2025. Stjórn félagsins leggur áherslu á það eins og áður að bækurnar séu vandaðar að innihaldi og frágangi. Bók ársins í flokknum „Austfirsk ljóðskáld“ verður að þessu sinni úrval úr ljóðum og lausavísum eftir Hrein Halldórsson á Egilsstöðum. Auk hennar ætlar félagið að gefa út ljóð ungrar og efnilegrar skáldkonu, Ásu Þorsteinsdóttur, sem einnig á heima á Egilsstöðum. Hvorugt þeirra hefur áður sent frá sér ljóðabók.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sláturhúsið menningarmiðstöð	Vatn sefur aldrei Sumarsýning Sláturhússins 2025	500.000 kr.

Hreyfing í vatni er samsýning innlendra og alþjóðlegra listamanna. Sýningin býður upp á fljótandi samræður, ólínulegar frásagnir og hugleiðingar um hlutverk vatns í mótun Íslands og heimsins í heild, bæði líkamlega og myndræna. Alls taka 8 listamenn þátt en það eru meðal annars Ráðhildur, Ingadóttir, Margrét Blöndal, Eygló Harðardóttir, Karin Sander og Silvia Bächli. Sýningarstjóri er Savannah Gorton.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Múli brugg ehf.	Bjórskóli Múla	450.000 kr.

Bjórskóli Múla hefur það að markmiði að kynna austfirðingum menningu, sögu og fjölbreytni bjórgerðar í gegnum fræðandi og skemmtilega upplifun. Verkefnið býður upp á fjölbreytt námskeið þar sem þátttakendur læra um bruggferli, bragðheima og sögu bjórs, allt frá almennum bjórskóla til sérhæfðra námskeiða, t.d. jóla-, tunnu-, humla- og súrskóla. Verkefnið er einnig mikilvægur liður í því að stuðla að menningarlegri fjölbreytni á Austurlandi og hvetja til nýsköpunar í matvæla- og drykkjaframleiðslu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Setrið vinnustofa ehf.	Setrið vinnustofa - Samvinnurými á Egilsstöðum	450.000 kr.

Á Setrinu hefur fólk í fjarvinnu með fjölbreyttan bakgrunn og fagsvið tækifæri til að vinna saman á einum stað. Á Setrinu víkkum við sjóndeildarhringinn með fyrirlestrum, skipulögðum umræðum, tillögum að lesefni og hlaðvörpum. Setrið veitir fólki og fyrirtækjum rými til að vaxa!

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Linus Lohmann	Prentverk Seyðisfjörður plan for sustainability	300.000 kr.

Prentverk Seyðisfjörður is dedicated to supporting educational institutions, artists and individuals in Austurland. Through printmaking courses, custom framing services, and specialized printing, the project aims to achieve financial sustainability in 2025 while enriching the cultural landscape by engaging youth and young adults and fostering partnerships with local organizations. An online platform will streamline operations, making resources readily available to the community.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ra Laura Elisabeth Tack	A residency and cultural exchange for LGBTQIA+ artists	300.000 kr.

The 2025 Queer Residency at Heima is an art and cultural exchange for LGBTQ+ artists and activists at Heima Collective, Seyðisfjörður, aiming to generate connections between international and local members of the LGBTQ+ community via skill share, exhibitions, performances, parties and workshops enriching culture in the East for everyone. The programme offers 5-7 residents the opportunity to create and collaborate, understanding that our struggles are connected and our liberation bound together.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Mairi Louisa Mccabe	The New Forest	300.000 kr.

The project, The New Forest, takes its name from a work by Charles Ross, inspired by the forests of East Iceland and taking the listener on a journey through Hallormsstaðurskógar. Composed for Scottish viola player Katherine Wren of Nordic Viola, the project reunites two renowned musicians who share a deep connection with East Iceland, to perform the Icelandic premier of The New Forest within a concert of semi-written and improvised works.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Torfkofinn ehf.	Plöntuleit – Netverslun Ilmbjarkarinnar	250.000 kr.

Verkefnið felst í að próa vefverslun fyrir Ilmbjörkina Garðyrkjustöð, þar sem viðskiptavinir, garðyrkjunemar og fagfólk geta auðveldlega fundið plöntur eftir eigin skilyrðum, t.d. blómgunartíma, þoli og lit. Með sveigjanlegri leitarvél og Shopify kerfinu tryggir stöðin réttar birgðatölur og samstillta lagertalningu fyrir notendur um allt land. Heimsendingarþjónusta eykur aðgengi viðskiptavina, sérstaklega á Austurlandi, og stuðlar að sjálfbærni.

AUSTUR*

Frá Matarmóti 2024.

